

Kennsluáætlun Jarðfræði

vorönn 2026
2 vikur
2.-17. febrúar

6.-7. bekkur WS

Kennsla

Inngangur inn í heim jarðfræði, þar sem nemendur virða fyrir sér plánetuna sem lifandi heild og velta fyrir sér uppbyggingu og niðurbroti helstu bergtegunda og eiginleikum þeirra.

Jarðfræði Íslands skoðuð sérstaklega, hvar elsta berg og yngsta berg er að finna og ástæður þess, hellamyndun, eldvirkni eyjunnar og mæting jarðskorpuflekanna.

Nemendur fræðast um umbreytingu lífrænna efna, kolefni í iðrum jarðar, málma í jörðu og myndun og vöxt kristalla.

Margvísleg sýnishorn bergtegunda skoðuð og nemendur geta að eigin vali, komið með steinasafn að heiman og haldið örkynningu á bergtegundum eða öðru

Hæfniviðmið

- Að nemendur fái heildstæða fyrstu innsýn í heim jarðfræði.
- Að nemendur læri um lagskiptingu jarðarinnar og helstu hugtök s.s. kjarni (innri og ytri), möttull, jarðskorpa, úthafsskorpa, meginlandsskorpa, stinnhvolf og linhvolf.
- Að nemendur heyri um ólíkar gerðir fleka og flekasamskeyta: Flekamót, flekaskil og sniðgeng flekamót og að jarðskorpuflekarnir skiptast í úthafsfleka og meginlandsfleka (og blöndu af þeim).
- Að nemendur læri um hringrás bergtegunda og hugtök sem útskýra það ferli, s.s. rof, veðrun, landris, storkuberg, setberg, myndbreytt berg, djúpberg.
- Að nemendur átti sig á myndun hella, muninn á hraunhellum og kalksteinshellum, dropsteinum og dropasteinum.
- Að nemendur fái tækifæri til þess að sjá og þreifa á margvíslegum sýnishornum bergtegunda, ræða um þær, skiptast á skoðunum og miðla af eigin þekkingu.
- Að nemendur skerpi skynjun sína á umhverfinu og átti sig á því að það þurfi að umgangast náttúruna af mikilli gát og virðingu.

Námsmat

sem tengist lotunni, út frá eigin áhuga og þekkingu.

Lotunni er ætlað að vera inngangur inn í jarðfræði og er hún síðan tekin upp aftur síðar, þar sem farið er nánar í flekakenninguna (plate tectonics) og efnið nálgast frá nýju sjónarhorni.

Vinnumat kennara / leiðbeinandi mat þátttaka og áhugi/samvinna/frumkvæði/sköpun/sjálfstæði
Skil á vinnubók og verkefnum.

Efni

Landafræði, náttúruöflin, af Skólavefnum

Auðvitað - jörð í alheimi, Menntamálastofnun

Kvistir - myndbútar í náttúrufræðigreinum, Jarðfræði, af vef Menntamálastofnunar (valdir myndbútar sem tengjast lotunni)
<https://www1.mms.is/twig/>

Stjörnufræðivefurinn, stjornufradi.is

Annað efni frá kennara.